

STAÐA MÁLS

Málnr.: **17-114F019**

Dags: **28. júlí 2017**

Staður: **Keflavíkurflugvöllur**

Lýsing: **Hlekkist á í landingu**

Staða máls: **Febrúar 2018: Í rannsókn**

Flugkennari ásamt flugnema voru í snertilendingum á Keflavíkurflugvelli á TF-KFG (Diamond DA20). Eftir fjórar snertilendingar og eitt fráhrarfsflug á flugbraut 01 var ákveðið að gera lokalendingu á sömu flugbraut.



Veður var gott, vindur breytilegur um 5 hnútar. Samkvæmt tilkynningu frá flugturni varð atvikið kl. 23:01.

Í lokalendingunni ákvað kennarinn að aðstoða nemandann við landinguna þar sem hann sá að landingin yrði ekki með eðlilegum hætti, ákvað að hætta við landingu og fara í fráhrarfsflug.

Flugvélin hélt áfram að falla og lenti utan flugbrautar, rann yfir akbraut S-2 og staðnæmdist í vestari kanti akbrautar E-2 sem staðsett er vestan og meðfram flugbraut 01. Flugkennarinn og flugneminn slösuðust ekki og minniháttar skemmdir voru á flugvélinni.